


PBS (Positive Behavior Support) eða heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun er árangursprófað og viðurkennt vinnulag. Það hvetur með kerfisbundnum hætti til jákvæðrar hegðunar, eykur félagsfærni, bætir samskipti og dregur jafnframt úr hegðunarvanda barna og unglinga.

Markmið með PBS í grunnskóla:

- Að mynda heildstæða stefnu jákvæðrar atferlis- og agastjórnunar í kennslu, uppeldi og námi
- Að viðmið um hegðun og nám í skólastarfi séu ljós nemendum, foreldrum og starfsfólki skóla
- Að starfa í samræmi við stefnu Menntasviðs

Áhersla er lögð á þrennskonar forvarnir:

- Fyrsta stigs: Stuðningur við alla nemendur skólans
- Annars stigs: Stuðningur við hópa og bekki
- Þriðja stigs: Stuðningur við einstaka nemendur



Nánari upplýsingar

www.reykjavik.is/pbs

Ábyrgð: Þjónustumiðstöð Breiðholts




Heildstæður
stuðningur við
jákvæða hegðun



Fyrsta stigs forvarnir

Skólaumhverfið er skipulagt með það að markmiði að hámarka líkur á æskilegri hegðun. Skýrar væntingar eru settar fram um hegðun og þær kenndar öllum nemendum.

Starfsfólk skóla er til staðar til að kenna, minna á og hrósa þeim sem sýna æskilega hegðun. Óæskileg hegðun nemenda er skilgreind og hún stöðvuð markvisst samkvæmt agafarli skólans.




Reynsla og rannsóknir hafa sýnt að þessi leið fækkar skráningum vegna agabrota, sérstaklega minniháttar agabrota sem gefur meira rými fyrir aðgerðir gegn alvarlegum agabrotum. Gera má ráð fyrir að forvarnir fyrir alla skili árangri hjá a.m.k. 80% nemenda. Skráningar á agabrotum eru notaðar til að skoða hvað þarf að gera til að auka líkur á æskilegri hegðun, s.s. hvaða aðstæður reynast nemendum erfiðar eða hvaða nemendur þurfa aukinn stuðning.

Annars stigs forvarnir

Algeng inngrip sem falla undir annars stigs forvarnir eru einföld inngrip og hópavinna s.s. bekkjarstjórnun og félagsfærniþjálfun. Áhersla er lögð á einfalt en nákvæmt mat á stöðu nemenda og tilgangi inngrips.


Á þessu stigi beinast forvarnir m.a. að óæskilegri hegðun þeirra nemenda sem ekki bregðast við fyrsta stigs forvörnum, nemendum sem eru í áhættuhópi fyrir hegðunarvanda og þurfa aukinn stuðning. Markvissar fyrsta stigs forvarnir eru nauðsynlegur grunnur annars stigs forvarna.

Markmið með auknum stuðningi er alltaf að auka æskilega hegðun og um leið að auka lífsgæði nemenda. Samvinna innan skóla og við fjölskyldur er mikilvæg þegar unnið er að annars stigs forvörnum.



Þriðja stigs forvarnir

Í þriðja stigs forvörnum vinnur lausnarteymi innan skóla að því að aðstoða nemendur, starfsfólk og forelda. Í teymi einstakra nemenda sitja aðilar sem þekkja vel til nemandans innan skólans, foreldrar og aðrir eftir þörfum.



Forvarnir sem falla hér undir beinast að erfiðri og flókinni hegðun. Til dæmis hegðun sem er mjög truflandi, hættuleg, kemur í veg fyrir nám og leiðir til einangrunar. Þriðja stigs forvarnir sýna bestan árangur þegar markvisst er unnið með fyrsta og annars stigs forvarnir samhliða.

Markmiðið er að auka æskilega hegðun, bæta félagsfærni og lífsgæði nemenda um leið og unnið er að því að minnka tíðni óæskilegrar hegðunar. Unnið er samkvæmt virknimati og einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun þar sem þörfum hvers nemanda er mætt.